

## Fundargerð 17. fundar í flugvirkarráði

Fundur var haldinn í flugvirkarráði kl. 13:00 þriðjudaginn 16. janúar 2018 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Viðstaddir: Friðfinnur Skaftason (FS), Halla Sigrún Sigurðardóttir (HSS), Ólafur Helgi Kjartansson (ÓHK), Hildur Reykdal (HR), Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir (SJG), Björn Óli Hauksson (BÓH), Þorvaldur H. Þórðarson (ÞÞ), Kári Gunnlaugsson (varamaður KB), Sigurgeir Ómar Sigmundsson (SÓS) og Ómar Sveinsson (ÓS) sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Þórólfur Guðnason og Karen Bragadóttir.

Gestir: Anna Margrét Björnsdóttir sérfræðingur í samgönguvirkt Samgöngustofu.

Gögn:

1. Dagskráartillaga.
2. Fundargerð 16. fundar flugvirkarráðs (tp ÓS 26.10.2017).

Tenglar:

1. <https://www.samgongustofa.is/flug/fartheGAR/flugvirkt/>
2. <https://www.ecac-ceac.org/web/guest>
3. <https://www.icao.int/Pages/default.aspx>

## Dagskrá

1. Dagskrá.
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Flugvirkaráætlun 2018 (HSS).
4. Staða verkefna og FAL fréttir (HSS).
5. Umferð og meðferð gæludýra (ÞÞÞ).
6. Áskoranir við landamæraeftirlit (ÓHK).
7. Næsti fundur.
8. Önnur mál.

Kl. 14:00 verða flugrekendur boðnir velkomnir á fundinn.

1. Kynning á flugvirkarráði.
2. Þróunin framundan: umferðarspá/uppbyggingaráform/ - Björn Óli Hauksson.
3. Alþjóðastarfið – yfirlit.
4. CORSIA - loftslagsverkefni ICAO - Anna Margrét Björnsdóttir kynnir.

1.-2. Dagskrá og fundargerð síðasta fundar samþykktar.

3. Flugvirkaráætlun 2018 samþykkt með smá lagfæringum

4. HSS kynnti stöðu helstu verkefna í flugvirkt hjá ECAC (Evrópusamstarfi flugmálayfirvalda) svo sem áhafnaskírteini, ábyrgð flugrekanda, fylgdarlaus börn og þróun í sjálfvirkni á flugvöllum. Þá kynnti HSS vinnu sem fram fer í Samgöngustofu við að uppfylla erlendar kröfur. Einnig var komið inn á hlutverk stjórnvalda í aðstoð við aðstandendur fórnarlamba flugslysa en kanna þarf sérstaklega innleiðingu á Evrópureglugerð nr. 996/2010 sem fjallar um rannsókn og fyrirbyggjandi aðgerðir flugatvika og flugslysa í almannaflugi þar sem fjallað eru um skyldur ríkja

HSS kom einnig inn á útfærslu á störfum flugvirkarráðs í Sviss og þá sérstaklega hlutverki flugrekanda þar. HSS hvatti til að flugvirkarráðið tæki umræðu um þátttöku aðila í ráðinu og um hlutverk flugvirkarráðs, þar á meðal að ræða ætti hvort bjóða ætti flugrekendum fasta setu í flugvirkarráði.

#### 5. Umferð og meðferð gæludýra (PHD).

MAST hefur áhyggjur vegna umferðar og aðstöðu dýra á Keflavíkurflugvelli og benti einnig á að horfa ætti til annarra millilanda flugvalla á Íslandi.

MAST hefur átt samtal við aðila á flugvelli en það vanti einhver þar sem taki ábyrgð á málaflökknum þar t.d. einhver aðili sem alltaf er á vakt. Aðallega er tvennt sem þurfi að líta til, möguleiki er á að dýr geti óvart farið inn í landið og aðbúnaður dýra þarfnist athugunar. „Transit“ aðstaða fyrir dýr er ekki góð, þar vantar t.d. tvöfalda hurð, stærð búra er ábótavant og það er ekkert útigerði. Hámarksdvöl dýra er tveir sólarhringar og það er ekkert klósett fyrir þau. Aðstaðan sem er til staðar er redding og fullnægir ekki þörfum. Einnig hafi komið ábendingar um að starfsmenn sem meðhöndli dýrin vanti hlífðarbúninga.

Viðbragðsáætlanir þurfi að vera til staðar ef mistök í móttöku og afgreiðslu dýra eigi sér stað sem og við móttöku á veikum dýrum.

BÓH aðstaða hönnuð fyrir skammtímadvöl en ljóst sé að endurskoða þurfi kerfið fyrir lengri dvöl. Þá þurfi að færa dýrin af flugvelli. Isavia muni skoða þær kröfur sem settar séu á félagið.

Formaður sagði gott að menn tali saman og best ef niðurstaða næst á milli aðila.

#### 6. Áskoranir við landamæraeftirlit (ÓHK).

ÓHK fór yfir helstu áskoranir sem Lögreglustjórinn á Suðurnesjum stendur frammi fyrir árið 2018.

Fjárveitingar til lögreglunnar á Suðurnesjum verða nánast óbreyttar á milli ára. Það kann að hafa neikvæð áhrif á flugvirkt á Keflavíkurflugvelli. Spár gera ráð fyrir allt að 10,5 milljónum farþega fari um flugstöðina, 20% aukning á milli ára. Tæplega 5,5 milljónir farþega um ytri landamærin, en voru 4.3 milljónir árið 2017. Bæta þarf mönnun og þjálfun starfsmanna. Aðgerðaráætlun vegna úttektar á landamæraeftirliti og gæslu er í vinnslu í dómsmálaráðuneyti.

Þann 10. október sl. var tekið upp hert landamæraeftirlit sem felur það í sér að öllum farþegum er flett upp í kerfum lögreglunnar. Þessi áherslubreyting hefur m.a. haft í för með sér lengri meðalafgreiðslutíma farþega sem fara um ytri landamærin.

#### 7. Næsti fundur.

Næsti fundur verði boðaður þriðjudaginn 24. apríl.

#### 8. Önnur mál.

Rætt var um beint flug Easyjet til Akureyrar – m.a. aðstöðu, við vegabréfa og tollskoðun sem og eignarhald bygginga á flugvelli.